

FORELDRAFÉLAG VATNSENDASKÓLA



**SKÝRSLA STJÓRNAR
STARFSÁRIÐ
2020-2021**

Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska. Markmið félagsins er m.a. að efla kynni foreldra innbyrðis og stuðla að umræðum og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.

Stjórn

Ný stjórn foreldrafélagsins var kosin á aðalfundi félagsins 22. september 2020. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eins og reglur foreldrafélagsins segja til um.

Stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla veturinn 2020-2021:

Ragnhildur Helgadóttir, formaður
Tómas Albert Holton, gjaldkeri og röltfulltrúi
Eiríkur Magnús Jensson, ritari
Brynhildur Anna Jónsdóttir
Elín Sigurðardóttir

Fimm manna stjórn situr til eins árs í senn. Æskilegt er að ekki fleiri en þrjú gangi úr stjórn hverju sinni. Fundir stjórnar á starfsárinu voru fimm talsins og oftast var fundað í húsakynnum skólans. Stjórn foreldrafélagsins átti gott samstarf við stjórnendur og starfsfólk skólans.

Viðburðir foreldrafélagsins

Foreldrafélagið lagði upp með fjölbreyttra dagskrá veturinn 2020-2021 en fljótlega varð ljóst að allt skólastarf myndi raskast vegna COVID-19. Tilmæli Almannaþingis um samkomutakmarkanir urðu síðan til þess að ekki var unnt að halda viðburði á vegum foreldrafélagsins. Foreldrafélagið stóð fyrir einu rafrænu erindi á skólaárinu.

Börn, unglingar og samfélagsmiðlar – Rafrænt fræðsluerindi:
Sigurður Sigurðsson verkefnastjóri hjá Heimili og skóla fjallaði um helstu samfélagsmiðla og aðra miðla sem börn eru að nota í dag ásamt því að gefa góð ráð til foreldra um helstu öryggisstillingar á þessum miðli. Fundurinn var afar vel sóttur og greinilegt að umræðan er þörf.

Foreldrarölt

Foreldraröltið fór vel af stað í vetur en ræddar hafa verið leiðir til að virkja foreldra enn betur. Röltið er sjálfbóðaliðastarf foreldra með það að markmiði að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivistartíma barna og unglunga og koma í veg fyrir óæskilegar hópamyndanir. Röltstjóri foreldrafélagsins er Tómas Albert Holton sem sá til þess að láta árganga vita þegar röðin kom að þeim og hélt utan um röltið.